

Keppnisreglur fyrir diplómahnefaleika

Bráðabirgðaútgáfa



Efnisyfirlit

1 Inngangur	4
1.1 Bakgrunnur	4
1.2 Hugtök	4
2 Almennar keppnisreglur	6
2.1 Keppnisleyfi	6
2.2 Þyngdarflokkar	6
2.3 Keppnisflokkar	7
3 Búnaður	8
3.1 Hringurinn	8
3.2 Útbúnaður keppenda	8
3.2.1 Klæðnaður	9
3.2.2 Hanskar	9
3.2.3 Vafningar	9
3.2.4 Höfuðhlífar	9
3.2.5 Tannhlíf	9
3.2.6 Punghlíf og klofvörn	10
3.2.7 Brjósthlíf	10
3.2.8 Annað	10
4 Dómaraúrskurður	11
4.1 Sigur eða jafntefli á diplómastigum	11
4.2 Sigur á dómaraatkvæðum	11
4.3 Uppgjöf	11
4.4 Brottvísun	12

4.5 Stöðvuð viðureign	12
5 Starfsmenn móta	13
5.1 Umsjónarmaður	13
5.1.1 Tímabundnar reglur á smærri mótum	13
5.2 Hringdómarinn	14
5.2.1 Klæðnaður	14
5.2.2 Framkvæmd leiksins	14
5.2.3 Of harður leikur / grófir hnefaleikar	14
5.2.4 Stigagjafareyðublöð	15
5.3 Stigadómari	15
5.4 Hornamaður	16
5.5 Tímavörður	16
5.6 Kynnir	17
5.7 Ritari	17
5.8 Aðrir starfsmenn	17
6 Brot á leikreglum	18
6.1 Grófir hnefaleikar	18
6.2 Óíþróttamannsleg hegðun	18
6.3 Að halda	18
6.4 Ólögleg högg	18
6.5 Óheimil líkamsstaða	18
6.6 Ólögleg högg með hanska	19
6.7 Önnur ólögleg högg	19
6.8 Ólögleg hindrun	19

6.9 Annað	19
7 Viðurkenningar	20
7.1 Diplóma	20
7.2 Merki	20
8 Stigagjöf	21
8.1 Samþykkt grunnstaða	21
8.2 Högg, gagnhögg og gabbhreyfingar	21
8.3 Vörn	23
8.4 Jafnvægi og fótaburður	25
9 Stigagjafareyðublað	27
9.1 Stigagjafareyðublað fyrir leik	27
9.2 Úrskurður í leikslok	28
9.3 Viðvörðun	28
9.4 Stigaúrskurður þegar viðureign er stöðvuð	29
9.5 Betri vörn	30
9.6 Uppgjöf	31
9.7 Brottvísun	32

1 Inngangur

Diplómahnefaleikar eru afbrigði hnefaleika þar sem keppt er í því að sýna tæknilega leikni.

Lögð er áhersla á hnefaleikalistina með það fyrir augum að þannig sé hægt að öðlast mikla keppnisreynslu og þróa tæknilega kunnáttu án þess að grófari hliðar hnefaleika komi nokkurn tímann við sögu.

Diplómahnefaleikar eru keppni í hnefaleikatækni. Í diplómahnefaleikum er tæknileg kunnáttu keppenda dæmd en ekki á grundvelli þess hversu fast er slegið eða hversu miklum líkamlegum styrk keppendur búa yfir. Það er skylda og ábyrgð hringdómara að sjá til þess að þessu sé fylgt. Þá er það skylda þjálfara að aðstoða hringdómara við að framkvæma verkefni sitt.

Á smærri mótum gerir takmarkað framboð keppenda það að verki að erfiðara er að passa upp á að þyngd, aldur og reynsla keppenda sé sambærileg en ekki meiri en ráðlagt er. Af þessum ástæðum er enn mikilvægara að gæta þess að ekki sé farið of fast.

Úrslit í diplómaviðureign mega aldrei ráðast af grófum hnefaleikum eða þannig að brotið sé gegn reglum íþróttarinnar. Diplómahnefaleikar eru keppni í tækni.

1.1 Bakgrunnur

Þetta skjal inniheldur núverandi reglur um diplómahnefaleika á Íslandi. Markmiðið er að þessar reglur séu stöðugt í endurskoðun þannig að íþróttin haldi áfram að þróast á jákvæðan hátt.

1.2 Hugtök

Í þessum hluta eru skilgreind og skýrð hugtök sem notuð verða í textanum til þess að hann sé læsilegri.

Smærri mót

Smærra mót er staðbundið diplómamót eða mótshluti staðbundinnar mótaraðar. Á smærri mótum gerir takmarkað framboð af keppendum sem passa saman miðað við þyngd, aldur og reynslu það erfiðara að sjá til þess að munurinn sé ekki meiri en ráðlagt er. Því er aukin þörf á því að varast að leikurinn verði ekki of harður.

Stærri mót

Stærra mót er almennt diplómamót eins og ÍM eða Landsfjórðungamót. Gera má ráð fyrir mörgum skráðum keppendum og hægt að skipta í flokka miðað við þyngd og aldur. Í flestum tilvikum verða keppendur með diplóma og vanir keppni.

Grófir hnefaleikar

Grófir hnefaleikar er þegar annar keppandi, eða báðir, leggja vísvitandi áherslu á að slá fast, ráðast að andstæðing sínum eða reyna að gera andstæðing sinn óvígán. Hringdómarinn ber meginábyrgðina á því að leikurinn hitni ekki óhóflega mikið. Það er hins vegar einnig skylda þjálfara að styðja hringdómarann í því verkefni.

Óíþróttamannsleg hegðun

Óíþróttamannsleg hegðun keppanda er til dæmis að: (1) að reyna að hræða eða skelfa andstæðing sinn, (2) niðurlægja andstæðing sinn, (3) að tala við einhvern á meðan lotu stendur eða (4) neita að fylgja viðvörðunum og tilskipunum hringdómarans.

Mótaröð

Með mótaröð er átt við keppni með það að markmiði að finna sigurvegara í ýmsum flokkum í gegnum útsláttarkeppni þar sem efstu keppendur hverrar keppni halda áfram í sínum flokki eða allir keppendur safna stigum yfir tímabilið.

Skal

Þegar talað er um að eitthvað *skuli* gert er um að ræða skyldubundna reglu sem allir verða að fylgja.

Æskilegt

Þegar talað er um að regla sé *æskileg* er það tillaga Hnefaleikasambandsins.

2 Almennar keppnisreglur

Diplómahnefaleikar eru form af hnefaleikum þar sem tveir einstaklingar keppast við að sýna tæknilega getu.

Regla 1: Keppandi má mest keppa 2 sinnum á einum degi.

Regla 2: Á stærri mótum fær keppandi sem hefur tekið þátt í ólympískum hnefaleikum ekki að keppa.

Regla 3: Á minni mótum fær keppandi sem hefur tekið þátt í ólympískum hnefaleikum að keppa.

Regla 4: Æskilegt er að keppandi sem tekur þátt á Diplóma-ÍM eigi minnst 5 diplómaviðureignir að baki.

Regla 5: Til þess að skipuleggja og halda diplómamót skal sækja um og fá leyfi hjá Hnefaleikasambandi Íslands.

Regla 6: Skýrslu skal skilað til Hnefaleikasambands Íslands að móti loknu.

2.1 Keppnisleyfi

Regla 7: Til þess að hafa þátttökurétt á diplómamóti þarf keppandi að vera meðlimur í aðildarfélagi Hnefaleikasambands Íslands og hafa gilda keppnisbók fyrir diplómahnefaleika.

2.2 Þyngdarflokkar

Regla 8: Á stærri mótum skal einungis notast við þyngdarflokka í töflu 1.

Regla 9: Á smærri mótum er æskilegt að notast við þyngdarflokka í töflu 1.

TAFLA 1. Þyngdarflokkar fyrir diplómahnefaleika. Léttari flokkar eru með 3 kg millibili.

Þyngdarflokkur	Nafn	Frá (kg)	Til (kg)
-27 kg	Léttmíkrósvigt	-	27
-30 kg	Míkrósvigt	27,01	30
-33 kg	Atómsvigt	30,01	33
-36 kg	Léttbitmýsvigt	33,01	36
-39 kg	Bitmýsvigt	36,01	39

-42 kg	Léttmýfluguvigt	39,01	42
-45 kg	Mýfluguvigt	42,01	45
-48 kg	Léttfluguvigt	45,01	48
-51 kg	Fluguvigt	48,01	51
-54 kg	Bantamvigt	51,01	54
-57 kg	Fjaðurvigt	54,01	57
-60 kg	Léttvigt	57,01	60
-63 kg	Léttveltivigt	60,01	63
-66 kg	Veltivigt	63,01	66
-70 kg	Léttmillivigt	66,01	70
-75 kg	Millivigt	70,01	75
-80 kg	Léttþungavigt	75,01	80
-86 kg	Þungavigt	80,01	86
+86 kg	Yfirþungavigt	86,01	-

2.3 Keppnisflokkar

Regla 10: Á stærri mótum skal einungis notast við keppnisflokkana á töflu 2.

Regla 11: Á smærri mótum hafa keppendur þátttökurétt frá og með árinu sem þeir verða 10 ára og allt að árinu sem þeir verða 40 ára.

TAFLA 2. Keppnisflokkar fyrir diplómahnefaleika.

Flokkur	Neðri mörk	Efri mörk	Lotur	Hlé
A	Frá og með 14. aldursári	Til og með 15. aldursári	3 x 2 mín	1 mín
B	Frá og með 12. aldursári	Til og með 13. aldursári	3 x 1,5 mín	1 mín
C	Frá og með 10. aldursári	Til og með 11. aldursári	3 x 1 mín	1 mín

3 Búnaður

Í þessum kafla verða kynntar reglur um hringinn og nauðsynlegan búnað í kringum hann ásamt reglum um útbúnað keppenda í hringnum.

3.1 Hringurinn

Ætlunin er að öll minni diplómamót séu haldin í hringjum félaga að því tilskildu að engin sérstök hætta sé á meiðslum. Á stærri mótum er það æskilegt að hringirnir séu eins svipaðir þeim sem að ólympískir hnefaleikar krefjast og hægt er. Í þessum kafla eru einnig kröfur um búnað sem ætti að vera í nánd við hringinn til þess að auðvelda framkvæmd diplómamóta.

Regla 12: Á Diplóma-ÍM skulu hnefaleikahringir hafa sömu mælingar og þeir sem notaðir eru í ólympískum hnefaleikum.

Regla 13: Á bæði smærri og stærri viðburðum skal hringurinn vera þannig hannaður að ekki sé hætta á meiðslum.

Regla 14: Á diplómamóti ætti að vera stóll við hvert horn til þess að keppandi geti sest á milli lota.

Regla 15: Á diplómamóti skal passa að við hvort horn sé stóll eða pallur þar sem hornamenn/þjálfarar geta setið á meðan lotunni stendur.

Regla 16: Á diplómamóti skal við hringhorn finnast ílát (t.d. fata) til að safna vatni þegar skolaður er munnur og tannhlíf.

Regla 17: Á diplómamóti skal vera til staðar í hlutlausum hornum poki eða annað ílát fyrir rusl, svo sem pappír og þess háttar.

Regla 18: Á diplómamóti skal vera í nágrenni við hringinn búnaður til þess að þurrka og hreinsa hringgólfið.

3.2 Útbúnaður keppenda

Reglur um klæðnað og búnað eru fyrst og fremst settar til þess að tryggja öryggi keppenda eins vel og mögulegt er á meðan keppni stendur og til þess að keppendur beri ekki klæðnað eða búnað sem geta valdið meiðslum. Reglurnar eiga einnig að auðvelda starf dómara.

3.2.1 Klæðnaður

Regla 19: Keppendur eiga að vera í léttum sléttbotna skóm, stuttbuxum sem ná að minnsta kosti niður að miðju læri en ná ekki að hylja hné og bol sem hylur brjóst og bak.

Regla 20: Kvenkyns keppendum er heimilt að klæðast stuttermabol.

Regla 21: Ef buxur og bolur eru í sama lit á að sýna mittið með beltirönd í öðrum lit. Beltisstaður er hugsaður sem lína frá nafla að ysta hluta mjaðmanna (mjaðmarspaða). Buxur mega ekki vera girtar hærra en að nafla. Óheimilt er að hafa nokkurs konar límband á búningnum.

Regla 22: Keppendur skulu ávallt vera girtir svo að hringdómari geti greint beltisrönd.

Regla 23: Hár má festa undir höfuðhlífum með t.d. hárneti, slæðu, buffi eða teygju.

3.2.2 Hanskar

Regla 24: Mótshaldari skal útvega keppnishanskana. Þeir skulu vera 10 únsur að þyngd og í góðum gæðum.

Regla 25: Keppandi skal klæðast í hanskana áður en hann stígur í hringinn.

Regla 26: Keppandi skal klæðast úr hönskunum áður en farið er úr hringnum.

3.2.3 Vafningar

Regla 27: Keppandi skal klæðast vafningum.

Regla 28: Vafninga má ekki fjarlægja áður en farið er úr hringnum.

3.2.4 Höfuðhlífar

Regla 29: Keppendur skulu nota höfuðhlífar.

Regla 30: Höfuðhlífar skulu athugaðar af hringdómara þegar keppandi stígur í hringinn.

Regla 31: Höfuðhlífar skal fjarlægja áður en farið er úr hringnum

3.2.5 Tannhlíf

Regla 32: Keppendur skulu nota sérmótaðan góm/tannhlíf.

Regla 33: Undir öllum kringumstæðum er rauð/rauðleit eða að hluta til rauð tannhlíf óheimil.

3.2.6 Punghlíf og klofvörn

Regla 34: Keppendur í karlaflokki skulu nota punghlíf. Keppendum í kvennaflokki er heimilt en ekki skylt að nota klofvörn.

3.2.7 Brjósthlíf

Regla 35: Keppendum í kvennaflokki er heimilt en ekki skylt að nota brjósthlíf í leik. Brjósthlífar mega ekki hafa neina málmhluta fyrir utan festingar, séu þær á hlið eða baki keppanda.

3.2.8 Annað

Regla 36: Andlit keppenda má smyrja með þunnu lagi af vaselíni.

Regla 37: Keppendur mega ekki bera nokkra hluti sem geta skaðað andstæðinginn eða keppandann sjálfan, s.s. hálsmen, eyrnalokka eða aðra skartgrip.

4 Dómaraúrskurður

Niðurstaða diplómaviðureignar er alltaf fengin með stigum, hvort sem það eru heildarstig eftir eðlilegan leiktíma, uppgjöf eða að annar keppandi hefur verið dæmdur úr leik. Ef að hringdómari stöðvar viðureignina áður en leiktíminn er runninn út, t.d. vegna blóðnasa, gefa stigadómarnir stig til og með þeirri lotu sem hringdómari stöðvaði viðureignina.

Regla 38: Á stærra móti sigrar sá keppandi sem hefur flest dómaraatkvæði.

Regla 39: Á minna móti ákveður umsjónarmaður hvort besti keppandinn sé fundinn með dómaraatkvæðum eða hæstu diplómastigum.

4.1 Sigur eða jafntefli á diplómastigum

Regla 40: Í diplómaviðureign sem ræðst af samanlagðri stigagjöf dómara sigrar sá keppandi sem hefur flest diplómastig.

Regla 41: Í diplómaviðureign sem ræðst af samanlagðri stigagjöf dómara eru úrslitin jafntefli ef báðir keppendur eru með jafn mörg stig.

4.2 Sigur á dómaraatkvæðum

Regla 42: Í diplómaviðureign sem ræðst af dómaraatkvæðum sigrar sá keppandi sem fær flest dómaraatkvæði.

Regla 43: Í diplómaviðureign sem ræðst af dómaraatkvæðum skal stigadómari tilnefna þann keppanda sem honum þótti sýna betri vörn til sigurs.

4.3 Uppgjöf

Regla 44: Í diplómaviðureign þar sem keppandi eða hornamaður hans gefur leikinn sigrar hinn keppandinn og fær stig til og með lotunni sem viðureignin var stöðvuð í.

Regla 45: Keppandi sem hefur sjálfur eða gegnum hornamann sinn gefið leikinn fær núll stig.

Regla 46: Hringdómari getur úrskurðað að viðureign þar sem keppandi eða hornamaður hans gefur leikinn sé vegna áverka, sjá kafla 4.5.

4.4 Brottvísun

Regla 47: Í diplómaleik þar sem þar sem annar keppandinn er dæmdur úr leik skal andstæðingi hans gefin stig til og með lotunni sem viðureignin var stöðvuð í.

Regla 48: Keppandi sem er dæmdur úr leik fær núll stig.

4.5 Stöðvuð viðureign

Regla 49: Í diplómaviðureign sem hringdómari stöðvar skulu stigadómarar gefa keppendunum stig til og með lotunni sem viðureignin var stöðvuð.

5 Starfsmenn móta

Í þessum kafla verða kynntar reglur fyrir starfsfólk sem vera skal viðstatt á diplómamótum. Þetta starfsfólk uppfyllir ákveðin hlutverk. Þessi hlutverk þurfa ekki endilega að vera leikin af ólíku fólki. Á minni mótum getur til dæmis kynnir og ritari verið ein og sama manneskjan.

Regla 50: Allir starfsmenn skulu innan síns ábyrgðarsviðs vinna að því að reglum um diplómahnefaleika sé framfylgt.

Regla 51: Umsjónarmaður skal vera viðstaddur til þess að sjá um framkvæmd mótsins.

Regla 52: Hringdómari skal stýra framkvæmd diplómaviðureignanna.

Regla 53: Þrír stigadómarar skulu dæma diplómaviðureignirnar.

Regla 54: Á diplómamóti skal vera tímavörður.

Regla 55: Á diplómamóti skal hver keppandi hafa sinn hornamann.

Regla 56: Á diplómamóti skal vera kynnir.

Regla 57: Á diplómamóti skal vera ritari.

5.1 Umsjónarmaður

Regla 58: Umsjónarmaður skal bera höfuðábyrgð á framkvæmd diplómamóta.

Regla 59: Umsjónarmaður skal sjá til þess að stigagjafareyðublað sé rétt útfyllt í samræmi við kafla 9.

Regla 60: Tilskipanir umsjónarmanns eru ráðandi við framkvæmd diplómamóta.

Regla 61: Umsjónarmaður skipar og samþykkir starfsmenn diplómamóta.

Regla 62: Umsjónarmanni er heimilt skipa dómara að stöðva leik þegar hann telur það rétt.

Regla 63: Umsjónarmaður skal ráða hæfan hringdómara til starfa á diplómamóti.

5.1.1 Tímabundnar reglur á smærri mótum

Regla 64: Umsjónarmanni er heimilt á smærri mótum að hanna keppnisreglur sem eiga aðeins við á því tiltekna móti svo lengi sem þær eru innan ramma Hnefaleikasambands Íslands. Slíkum frávikum verður að gera öllu starfsfólki ljós fyrir mótið.

5.2 Hringdómarinn

Regla 65: Hringdómarinn skal bera höfuðábyrgð á framkvæmd diplómaviðureigna.

Regla 66: Hringdómarinn skal hafa mjög góða þekkingu á reglum diplómahnefaleika.

5.2.1 Klæðnaður

Regla 67: Hringdómarar skulu vera klæddir í svartar buxur, hvíta skyrtu og með svarta þverslaufu. Nota má viðeigandi og viðurkenndan jakka.

5.2.2 Framkvæmd leiksins

Regla 68: Hringdómari verður að stjórna leiknum með þremur lykilskipunum: „Stopp“, „Break“ og „Box“.

Regla 69: Hringdómarar mega tala við keppendur á meðan á viðureigninni stendur til þess að koma í veg fyrir grófa hnefaleika.

Regla 70: Hringdómarinn skal veita áminningu fyrir reglubrot.

Regla 71: Hringdómarinn skal veita keppendum áminningu með því að nota táknmál í takt við reglur um ólympíska hnefaleika að viðbættum munnlegum skýringum.

Regla 72: Ef að keppandi brýtur reglurnar á þann hátt að það veiti honum forskot þrátt fyrir áminningar skal hringdómari gefa honum viðvörun.

Regla 73: Dómarinn skal dæma keppanda sem hefur fengið þrjár viðvaranir úr leik.

Regla 74: Dómarinn hefur rétt til að gefa keppanda viðvörun án áminningar.

Regla 75: Dómarinn hefur rétt að dæma keppanda úr leik án viðvörunar eða áminningar.

5.2.3 Of harður leikur / grófir hnefaleikar

Regla 76: Hringdómari ætti að draga úr leik sem verður of harður með áminningum.

Regla 77: Hringdómarinn skal stöðva leik ef að annar eða báðir keppendur halda áfram að fara í hart þrátt fyrir áminningar.

Regla 78: Hringdómarinn hefur rétt til að stöðva leik hvenær sem hann telur þess þörf ef annar eða báðir keppendur fara óvart of hart.

Regla 79: Ef annar keppandinn reynir greinilega að treysta á höggstyrk skal hringdómari veita áminningu fyrir of harðan leik.

Regla 80: Ef annar keppandinn heldur áfram að treysta á höggstyrk eftir áminningu skal hringdómari gefa viðvörun fyrir of harðan leik.

Regla 81: Hringdómari skal heimila og hvetja hornamenn til þess að veita munnlega tilsögn til að fyrirbyggja of harðan leik.

Regla 82: Hringdómari skal gefa hornamönnum áminningu ef hornamaður hvetur keppanda til þess að fara í hart.

Regla 83: Hringdómari skal gefa keppendum viðvörun ef hornamenn halda áfram að hvetja til þess að fara hart eftir áminningu.

5.2.4 Stigagjafareyðublöð

Regla 84: Eftir hverja viðureign skal hringdómari safna saman öllum stigagjafareyðublöðum frá stigadómurum, athuga hvort þau séu rétt útfyllt, mynda sér skoðun um niðurstöðu og afhenda ritara.

Regla 85: Hringdómari skal biðja ritara um endurtalningu ef hann telur að röng úrslit hafi verið kynnt.

5.3 Stigadómari

Regla 86: Stigadómari skal hafa mjög góða þekkingu á reglum um diplómahnefaleika.

Regla 87: Stigadómari skal gæta hlutleysis í dómgæslu sinni og má ekki veita keppendum ráð á meðan viðureign stendur.

Regla 88: Stigadómari skal fylgja leiðbeiningum hringdómara.

Regla 89: Stigadómari skal draga eitt stig af keppanda sem fær viðvörun frá hringdómara.

Regla 90: Stigadómari má ekki sjálfur gefa viðvörun á meðan viðureign stendur.

Regla 91: Stigadómari skal gefa keppanda sem fær brottvísun núll stig en þó gefa andstæðingnum stig til og með lotunni sem viðureignin er stöðvuð í.

Regla 92: Stigadómari skal gefa keppanda sem gefst upp núll stig en þó gefa andstæðingnum stig til og með lotunni sem viðureignin er stöðvuð í.

Regla 93: Ef hringdómari stöðvar viðureign og ekki er um uppgjöf eða brottvísun að ræða þá skal stigadómari gefa báðum keppendum stig til og með lotunni sem viðureignin er stöðvuð í.

Regla 94: Ef keppendur eru jafnir á stigum í og úrslit viðureignar ráðast því á dómaraatkvæðum skal stigadómari ávallt draga hring utan um nafn sigurvegarans á stigagjafareyðublaðinu.

Regla 95: Ef keppendur eru jafnir á stigum í og úrslit viðureignar ráðast því á dómaraatkvæðumi skal stigadómari ávallt velja þann keppanda sem sýndi betri varnartækni sem sigurvegara og setja X í viðeigandi reit á stigagjafareyðublaðinu.

Regla 96: Stigadómari skal ekki úrskurða sigurvegara í jöfnum viðureignum þar sem úrslit ráðast á diplómastigum.

Regla 97: Stigadómari skal ekki draga hring utan um nafn sigurvegara á stigagjafareyðublaðinu í viðureign þar sem úrslit ráðast á diplómastigum.

Regla 98: Stigadómari sem gerir mistök við að útfylla eyðublað skal strika yfir mistökin með aðeins einu striki, skrifa leiðréttinguna við hliðina og kvitta fyrir með undirskrift sinni.

5.4 Hornamaður

Regla 99: Hornamaðurinn skal sjá til þess að keppandinn skilji markmið diplómahnefaleika fyrir viðureignina.

Regla 100: Hornamaðurinn má stíga inn í hringinn í hléinu milli lota.

Regla 101: Hornamaðurinn má hafa með sér einn aðstoðarmann í hornið.

Regla 102: Aðstoðarmaðurinn má ekki stíga inn í hringinn.

Regla 103: Hornamaðurinn skal yfirgefa hringinn án tafar þegar hléi lýkur.

Regla 104: Hornamaðurinn og aðstoðarmaður hans (ef einhver er) skulu sitja á stólum eða pöllum við hringhornið á meðan lotu stendur.

Regla 105: Hornamaðurinn skal sjá til þess að keppandinn snúi að hringmiðju í hléinu milli lota.

Regla 106: Hornamaðurinn má veita keppanda sínum munnlegan stuðning á meðan keppni stendur til þess að fyrirbyggja grófan leik eða önnur reglubrot.

5.5 Tímavörður

Regla 107: Tímavörður skal bíða eftir merki frá hringdómara við upphaf fyrstu lotu áður en hann gefur hljóðmerki og tímataka hefst.

Regla 108: Tímavörður skal gefa hljóðmerki við upphaf annarrar og þriðju lotu án þess að bíða eftir merki frá hringdómara.

Regla 109: Tímavörður skal fylgjast með og stjórna tíma en skal aðeins stöðva tíma ef hringdómari kallar „Stopp” og byrja tímann aftur ef hringdómari kallar „Box”.

Regla 110: Tímavörður skal gefa hljóðmerki þegar lotunni lýkur.

Regla 111: Tímavörður skal gefa hljóðmerki með hamri og/eða kalla „Seconds out” þegar 10 sekúndur eru eftir af hléi milli lota til að gefa hornamönnum nægilegan tíma til þess að yfirgefa hringinn.

5.6 Kynnir

Regla 112: Kynnir skal kynna keppendur til leiks þegar hann hefur fengið merki frá hringdómara. Fyrst skal kynna keppendur í rauðu horni og næst keppendur í bláu horni.

Regla 113: Þegar úrslit ráðast af dómaraatkvæðum í viðureign sem er jöfn á stigum skal kynnir tilkynna hvað keppendur fengu mörg stig og síðan nefna úrskurðaðan sigurvegara.

Regla 114: Þegar úrslit ráðast á diplómastigum skal kynnir ekki tilkynna stigagjöf en má biðja áhorfendur að gefa gott klapp.

5.7 Ritari

Regla 115: Ritari skal í lok diplómaviðureignar taka á móti stigagjafareyðublöðum frá hringdómara, athuga hvort þau séu rétt útfyllt, leggja saman stigin og láta kynni vita ef við á.

Regla 116: Við samlagningu skal ekki námunda heildartölu og þar af leiðandi getur viðeigandi keppandi fengið t.d. 26,5 stig eða 27,5 stig.

Regla 117: Ritari skal eftir hverja viðureign fylla út úrslitin í ferilskrá keppanda.

5.8 Aðrir starfsmenn

Regla 118: Starfsmenn félaga sem ekki eru sérstakir starfsmenn á mótinu skulu þó í öllu reyna að sjá til þess að reglum diplómahnefaleika sé fylgt.

Regla 119: Starfsmenn félaga mega ekki trufla umsjónarmann, hring- eða stigadómara á meðan mótinu sjálfu stendur.

6 Brot á leikreglum

Eftirfarandi brot leiða til þess að keppandi fær áminningu, viðvörun eða verði vísað úr leik, eftir gerð brotsins og fjölda fyrri svipaðra brota. Sjá kafla 5.2.2.

6.1 Grófir hnefaleikar

Regla 120: Diplómahnefaleikar mega aldrei verða grófir, þ.e. keppandi má aldrei vísvitandi reyna að ná yfirburðum með höggþunga, ráðast að andstæðing sínum eða reyna að gera út um málin innan leiktíma.

6.2 Óíþróttamannsleg hegðun

Dæmi um óíþróttamannslega framkomu keppanda er að reyna að hrella andstæðing sinn eða virða að vettugi áminningar dómara. Dæmi um óíþróttamannslega framkomu þjálfara er að hvetja keppanda sinn til grófra hnefaleika.

Regla 121: Keppandi ætti aldrei að hegða sér óíþróttamannslega.

Regla 122: Hornamaður/þjálfari ætti aldrei að hegða sér óíþróttamannslega.

6.3 Að halda

Að halda er þegar keppandi: (1) Faðmar andstæðinginn með einum eða báðum örmum, (2) Nær yfirtökum og læsir handlegg andstæðingsins undir sínum eigin handlegg, (3) Nær undirtökum og réttir úr öðrum eða báðum handleggjum eða (4) Hangir eða kastar sér á andstæðing sinn með öðrum hætti.

Regla 123: Keppandi má ekki halda andstæðing sínum föstum.

6.4 Ólögleg högg

Regla 124: Keppandi má ekki slá andstæðing sinn undir beltisstað.

Regla 125: Keppandi má ekki slá andstæðing sinn í bakið.

Regla 126: Keppandi má ekki slá andstæðing sinn í hnakkann.

6.5 Óheimil líkamsstaða

Regla 127: Keppandi má ekki snúa baki að andstæðingnum í leiknum.

Regla 128: Keppandi ætti að snúa að hringmiðju í milli lota.

6.6 Ólögleg högg með hanska

Regla 129: Keppandi má ekki slá með opnum lófa.

Regla 130: Keppandi má ekki slá með innanverðum hanska, úlnlið eða hlið á hendi.

Regla 131: Keppandi má ekki slá bakhandarhögg.

6.7 Önnur ólögleg högg

Regla 132: Keppandi má ekki snerta eða ýta andstæðing með olnboga eða framhandlegg.

Regla 133: Keppandi má ekki skalla andstæðing sinn.

Regla 134: Keppandi má ekki sparka eða nota það sem gabbhreyfingu.

Regla 135: Keppanda er óheimilt að nota hné eða nota það sem gabbhreyfingu.

Regla 136: Keppandi má ekki ýta andstæðingi sínum.

Regla 137: Keppandi má ekki halda andstæðingi sínum og slá.

Regla 138: Keppandi má ekki halda í reipin á meðan hann slær.

Regla 139: Keppandi má ekki slá með því að láta sig skoppa af reipunum.

6.8 Ólögleg hindrun

Regla 140: Keppandi má ekki fella andstæðing sinn.

Regla 141: Keppandi má ekki halda handleggnum útréttum til þess að trufla sjón andstæðingsins.

6.9 Annað

Regla 142: Keppandi má ekki fjarlægja tannhlífina á meðan lotu stendur.

Regla 143: Þegar dómari gefur skipunina „Break” verður keppandi að taka eitt skref aftur á bak þegar í stað.

Regla 144: Keppandi má ekki hunsa skipanir dómara.

7 Viðurkenningar

7.1 Diplóma

Regla 145: Keppendur skulu fá diplóma frá Hnefaleikasambandi Íslands þegar þeir í fyrsta skipti fá 27 stig á diplómamóti.

7.2 Merki

Regla 146: Keppendur skulu fá bronsmerki frá Hnefaleikasambandi Íslands þegar þeir hafa fimm sinnum fengið einkunnina 27 stig eða meira.

Regla 147: Keppendur skulu fá silfurmerki frá Hnefaleikasambandi Íslands þegar þeir hafa fimm sinnum fengið einkunnina 31 stig eða meira.

Regla 148: Keppendur skulu fá bronsmerki frá Hnefaleikasambandi Íslands þegar þeir hafa fimm sinnum fengið einkunnina 35 stig eða meira.

8 Stigagjöf

Þessi kafli gefur matsskilyrðin fyrir diplóma. Diplómahnefaleikar eru metnir eftir tæknilegri getu: (1) höggum, gagnhöggum og gabbhreyfingum, (2) vörn ásamt (3) jafnvægi og fótaborði. Það eru alltaf þrjú stigadómarar sem dæma diplómaviðureign. Stigagjafareyðublöð (sjá kafla 9) eru hönnuð til þess að í hverri lotu er einn dómari að einblína á eitt af þessum þremur atriðum. Í hverri lotu skipta dómarnir svo um hlutverk þannig að þau séu dæmd af mismundandi dómurum í öllum lotunum.

Forsenda þess að fá fullnægjandi skor (3 stig) fyrir öll tækniatriði er að keppandinn sé í ásættanlegri grunnstöðu. Þessum skilyrðum er lýst í hluta 8.1. Skilyrðunum fyrir hinum þremur mismunandi tækniatriðaflokkum er svo lýst í hlutum 8.2-4. Fyrir hvern flokk er listi af atriðum sem tekið er mið af við námsmatið.

8.1 Samþykkt grunnstaða

Forsenda þess að fá fullnægjandi skor (3 stig) fyrir öll tækniatriði er að keppandinn sé í ásættanlegri grunnstöðu. Samþykkt grunnstaða þýðir að keppandi í kyrrstöðu sýni:

- gott jafnvægi
- góða vörn
- góða upphafsstöðu fyrir högg
- góða upphafsstöðu til þess að hreyfa sig

Fyrir óreyndan keppanda þýðir þetta að fremri fóturinn snýr á móti andstæðingnum, báðar hendur skulu vera bognar við olnboga og líkamsþyngdinni hóflega dreift á báða fætur. Athugið að líkaminn má halla eða snúa örlítið til að takmarka opnanir fyrir högg andstæðingins en aldrei þannig að keppandi snúi andlitinu undan. Olnbogar ættu að snúa í átt að jörðu. Hakan skal vera niðri öllum stundum, þó ekki þannig að það takmarki sjónsvið verulega. Æskilegt er að keppandi hafi báðar hendur uppi, sérstaklega ef hann er byrjandi.

Reyndur keppandi sem hefur getu til þess að verjast með höfuðhreyfingum og fótaborði hefur að sjálfsögðu einnig samþykkt grunnstöðu, jafnvel þótt höndunum sé haldið neðar. Lægri vörn getur gefið betri stöðu til þess að slá, verjast og hreyfa sig sé rétt farið að.

8.2 Högg, gagnhögg og gabbhreyfingar

Tafla 3 gefur leiðbeiningar um mat á tækni flokknum hrein högg. Matsflokkarnir eru:

A Samþykkt grunnstaða

B Að hitta á rétt svæði

- C Jafnvægi með höggum
- D Höggin drífa eða framkalla viðbrögð (þ.e.a.s. ekkert skuggabox)
- E Getur stjórnað hörku viðureignar (þ.e.a.s. slær ekki of fast)
- F Tveggja högga fléttur með beinum höggum
- G Högg á hreyfingu
- H Fjölbreytni högga (bæði í höfuð og skrokk)
- I Gagnhögg
- J Gabbhreyfingar
- K Krókar og upphögg
- L Lengri fléttur

TAFLA 3. Taflan veitir leiðbeiningar um mat á tækniflokknum hrein högg.

Stig	Flokkur	Leiðbeiningar
1-1,5	-	Keppandinn hefur lélega grunnstöðu, slær óhrein högg, hefur lélegt jafnvægi þegar slegið er, skuggaboxar og/eða slær of fast. Þessi keppandi þarf að fá meiri reynslu og þjálfun á æfingum.
2	A-F (-)	Keppandinn reynir við þá tækni sem þarf til að skora 2,5-3 en gerir of mörg mistök til þess að fá hærrí einkunn. Þessi keppandi er kominn það langt að það má sjá að hann/hún sé að stunda diplómahnefaleika.
2,5	A-F	Keppandinn er í ásættanlegri grunnstöðu, slær hrein högg, hefur jafnvægi þegar hann/hún slær, skuggaboxar hvorki né slær of fast og getur slegið tveggja högga fléttur. Mögulega reynir hnefaleikamaðurinn að nota flóknari tækni, en gerir það ekki nógu vel.
3	A-G	Keppandinn stenst kröfur fyrir 2,5 stig og getur slegið bein högg á hreyfingu. Þessi keppandi hefur nauðsynlega kunnáttu og grunnþekkingu sem krafist er af þeim sem stunda hnefaleika.

		Keppandinn fer ekki of fast, slær hrein högg og gleymir sér sjaldan.
3,5	A-H	Keppandinn stenst kröfur fyrir 3 stig og getur þess fyrir utan sýnt fjölbreyttni í höggavali og slegið bæði í höfuð og skrokk.
4	A-L (-)	Keppandinn stenst kröfur fyrir 3,5 stig og reynir að nota gagnárásir, gabbhreyfingar, lengri fléttur, króka og/eða upphögg, en með of miklum ágöllum til þess að hægt sé að gefa fleiri stig. Þessi keppandi býr yfir næstum öllu sem maður myndi búast við frá einhverjum sem er tilbúinn að keppa í áhugamannahnefaleikum.
4,5-5	A-L	Keppandinn stenst kröfur fyrir 4 stig og notar gagnárásir, gabbhreyfingar, lengri fléttur, króka og/eða upphögg vel. Kannski sýnir keppandinn ekki allt, en allt sem hann/hún gerir er vel gert.

8.3 Vörn

Tafla 4 gefur leiðbeiningar um mat á tækniflokknum vörn. Matsflokkarnir eru:

- A Samþykkt grunnstaða
- B Ver bein högg í höfuðið með höndunum
- C Ver bein högg í skrokkinn með olnbogunum
- D Ver króka og upphögg
- E Verst með því að sveigja líkamann
- F Verst með fótaborði
- G Fléttar saman mismunandi varnartækni

Hnefaleikamaður sem í staðinn fyrir að verja högg með höndum og handleggjum en gerir það í staðinn með því að hreyfa höfuðið eða með fótaborði, uppfyllir einnig flokka B, C og D.

TAFLA 4. Veitir leiðbeiningar um mat á tækniflokknum vörn.

Stig	Flokkur	Leiðbeiningar
1-1,5	-	Keppandinn hefur lélega grunnstöðu og verst illa. Þarf að fá meiri reynslu og þjálfun á æfingum.
2	A-C (--)	Keppandinn reynir við þá tækni sem þarf til að skora 2,5-3 en tekst ekki sérlega vel til. Höggin sem voru varin voru kannski of laus eða fá til þess að hægt sé að gefa fleiri stig.
2,5	A-C (-)	Keppandinn er í ásættanlegri grunnstöðu, og reynir að verja bein högg andstæðingsins í höfuð og skrokk. Fær á sig aðeins of mörg högg til þess að hægt sé að gefa 3 stig.
3	A-C (+)	Keppandinn er í ásættanlegri grunnstöðu, og getur varið flest bein högg andstæðingsins í höfuð og skrokk. Keppandinn er virkur í því að beita þessari tækni og hefur einnig tilhneigingu til þess að nota flóknari varnartækni.
3,5	A-E	Keppandinn stenst kröfur fyrir 3 stig og getur þess fyrir utan varið króka í höfuðið og upphögg í skrokk þótt það takist ekki alltaf.
4	A-G (-)	Keppandinn stenst kröfur fyrir 3,5 stig og reynir einnig að beygja sig undir og slippa högg og verjast með því að sveigja líkamann. Þessi keppandi býr yfir næstum öllu sem maður myndi búast við frá einhverjum sem er tilbúinn að keppa í áhugamannahnefaleikum.
4,5-5	A-G	Keppandinn stenst kröfur fyrir 4 stig og notar sambland varnar og gagnarása. Þetta er hreyfanlegur, þéttur keppandi sem erfitt er að koma höggi á.

8.4 Jafnvægi og fótaborður

Tafla 5 gefur leiðbeiningar um mat á tækniflokknum jafnvægi og fótaborður. Matsflokkarnir eru:

A Samþykkt grunnstaða

- B Rétt fjarlægð milli fóta á hreyfingu
- C Samræmd skref
- D Flæði í fótaborði
- E Rétt fjarlægð
- F Meðvitaðar hreyfingar til varnar, t.d. forðast að festast á reipunum eða í horninu
- G Meðvitaðar hreyfingar til sóknar, t.d. sker hringinn og króar andstæðinginn af á reipunum eða í horninu
- H Hliðarskref og önnur flókin skref
- I Hreyfir sig ekki meira en þarf

TAFLA 5. Veitir leiðbeiningar um mat á tækniflokknum jafnvægi og fótaborður.

Stig	Flokkur	Leiðbeiningar
1-1,5	-	Keppandinn hefur lélega grunnstöðu og slæmt jafnvægi á hreyfingu. Þarf að fá meiri reynslu og þjálfun á æfingum.
2	A-C	Keppandinn hefur ásættanlega grunnstöðu og reynir að hreyfa sig með einföldum skrefum með rétt bil á milli fótanna. Það vantar flæði í fótaborðinn og fæturnir krossast aðeins of oft.
2,5	A-D (-)	Keppandinn er í ásættanlegri grunnstöðu, heldur jafnvægi á hreyfingu, þ.e.a.s. hefur rétta fjarlægð milli fóta. Hreyfir sig aðallega með einföldum skrefum. Ekki nægilegt flæði í hreyfingum og/eða jafnvægi er ekki nægilegt til þess að hægt sé að gefa 3 stig.
3	A-D	Keppandinn er í ásættanlegri grunnstöðu, heldur jafnvægi á hreyfingu, þ.e.a.s. hefur rétta fjarlægð milli fóta. Hreyfir sig aðallega með einföldum skrefum, og með góðu flæði á köflum. Krossar einu sinni eða tvisvar.

3,5	A-G	Keppandinn stenst vel kröfur fyrir 3 stig, sýnir að auki meðvituð hreyfimyntur til varnar og / eða sóknar, og er að byrja að finna réttu fjarlægðina.
4	A-H	Keppandinn stenst kröfur fyrir 3,5 stig mjög vel, þ.e.a.s. sýnir meðvituð hreyfimyntur bæði til sóknar og varnar. Hliðarskref og önnur flókin skref eru notuð þegar færi gefst á.
4,5-5	A-I	Keppandinn stenst vel kröfur fyrir 4 stig og hreyfir sig aðeins eins mikið og þörf er á. Fótaburðurinn sparar orku og gefur keppandanum frábæra staðsetningu til sóknar og varnar. Hliðarskref og önnur flókin skref eru notuð þar sem við á.

9 Stigagjafareyðublað

Þessi kafli sýnir hvernig eyðublað fyrir stigadómara skal fyllt út. Þetta verður gert með því að að lýsa ímyndaðari diplómaviðureign og ýmsum hugsanlegum atburðarrásum gerð skil og útskýrt hvernig þau skulu skráð á eyðublaðið.

Í þessu dæmi er gert ráð fyrir að Hnefaleikafélagið Einn skipuleggi diplómamót þann 21. janúar 2017. Í einum af leikjunum hittast diplómahnefaleikamennirnir Aðalheiður Arnarsdóttir frá félaginu HF EINN og Björg Björnsdóttir frá félaginu HF TVEIR. Viðureignin fer fram í flokknum A51 kg. Hringdómari er Daniel Davíðsson frá félaginu HF ÞRÍR. Stigadómari í dæminu er Elín Eiríksdóttir frá HF FJÓRIR.

9.1 Stigagjafareyðublað fyrir leik

Fyrir leikinn sér stigadómari til þess að eftirfarandi sé útfyllt: Nafn keppanda, félag, keppnis- og þyngdarflokkur, nafn skipuleggjandi félags, dagsetning, nafn hringdómara og félags ásamt nafni stigadómarans sjálfs og félags (Mynd 1).

RAUTT HORN				BLÁTT HORN			
Nafn: <u>Aðalheiður Arnarsdóttir</u>				Nafn: <u>Björg Björnsdóttir</u>			
Félag: <u>HF1</u>				Félag: <u>HF2</u>			
Lota 1	Lota 2	Lota 3		Lota 1	Lota 2	Lota 3	
Högg	Fótaburður	Vörn	Samtala	Högg	Fótaburður	Vörn	Samtala
<input type="checkbox"/> Betri vörn		Viðvörðun 1:		<input type="checkbox"/> Betri vörn		Viðvörðun 1:	
<input type="checkbox"/> Uppgjöf		Viðvörðun 2:		<input type="checkbox"/> Uppgjöf		Viðvörðun 2:	
<input type="checkbox"/> Brottvísun		Alls:		<input type="checkbox"/> Brottvísun		Alls:	
Flokkur: <u>A51</u>		Dagsetning: <u>21/1/17</u>		Mótshaldari: <u>HF1</u>			
Hringdómari: <u>Daniel Davíðsson</u>				Félag: <u>HF3</u>			
Stigadómari: <u>Elín Eiríksdóttir</u>				Félag: <u>HF4</u>			

MYND 1. Á myndinni má sjá hvernig stigagjafareyðublað skal útfyllt fyrir leik.

9.2 Úrskurður í leikslok

Í þessu dæmi fer leikurinn venjulega fram og lýkur með því að tíminn rennur út í þriðju lotu. Stigadómarinn hefur eftir hverja lotu gefið keppendunum þau diplómastig sem þeir verðskulda í hverjum tækniflokki. Stigadómarinn leggur saman diplómastigin fyrir loturnar og fyllir út á viðeigandi stað og fyllir einnig út heildartöluna eftir að allar viðvaranir hafa verið dregnar frá (Mynd 2).

RAUTT HORN				BLÁTT HORN			
Nafn: <u>Aðalheiður Arnarsdóttir</u>				Nafn: <u>Björg Björnsdóttir</u>			
Félag: <u>HF1</u>				Félag: <u>HF2</u>			
Lota 1	Lota 2	Lota 3		Lota 1	Lota 2	Lota 3	
Högg	Fótaborður	Vörn	Samtala	Högg	Fótaborður	Vörn	Samtala
<u>3</u>	<u>3</u>	<u>3,5</u>	<u>9,5</u>	<u>3,5</u>	<u>3</u>	<u>3,5</u>	<u>10</u>
<input type="checkbox"/> Betri vörn		Viðvörðun 1:		<input type="checkbox"/> Betri vörn		Viðvörðun 1:	
<input type="checkbox"/> Uppgjöf		Viðvörðun 2:		<input type="checkbox"/> Uppgjöf		Viðvörðun 2:	
<input type="checkbox"/> Brottvísun		Alls:	<u>9,5</u>	<input type="checkbox"/> Brottvísun		Alls:	<u>10</u>
Flokkur: <u>A51</u> Dagsetning: <u>21/1/17</u>				Mótshaldari: <u>HF1</u>			
Hringdómari: <u>Daníel Davíðsson</u>				Félag: <u>HF3</u>			
Stigadómarari: <u>Elín Eiríksdóttir</u>				Félag: <u>HF4</u>			

MYND 2. Á myndinni má sjá útfyllt stigagjafareyðublað eftir venjulegan leiktíma.

9.3 Viðvörðun

Í þessu dæmi fer leikurinn venjulega fram og þangað til í miðri annarri lotu þegar keppandinn í bláa horninu fær viðvörðun fyrir grófa hnefaleika. Stigadómarinn setur þar af leiðandi „1” í reitinn fyrir viðvörðun 1. Viðureignin heldur svo áfram tíðindalaust og lýkur þegar tíminn rennur út í þriðju lotu. Stigadómarinn hefur eftir hverja lotu gefið keppendunum þau diplómastig sem þeir verðskulda í hverjum tækniflokki. Stigadómarinn leggur saman diplómastigin fyrir loturnar og fyllir út á viðeigandi stað og fyllir einnig út heildartöluna eftir að allar viðvaranir hafa verið dregnar frá (Mynd 3).



RAUTT HORN				BLÁTT HORN			
Nafn: <u>Aðalheiður Arnarsdóttir</u>				Nafn: <u>Björg Björnsdóttir</u>			
Félag: <u>HF1</u>				Félag: <u>HF2</u>			

Lota 1	Lota 2	Lota 3		Lota 1	Lota 2	Lota 3	
Högg	Fótaburður	Vörn	Samtala	Högg	Fótaburður	Vörn	Samtala
<u>3</u>	<u>3</u>	<u>3,5</u>	<u>9,5</u>	<u>3,5</u>	<u>3</u>	<u>3,5</u>	<u>10</u>
<input type="checkbox"/> Betri vörn		Viðvörðun 1:		<input type="checkbox"/> Betri vörn		Viðvörðun 1:	<u>1</u>
<input type="checkbox"/> Uppgjöf		Viðvörðun 2:		<input type="checkbox"/> Uppgjöf		Viðvörðun 2:	
<input type="checkbox"/> Brottvísun		Alls:	<u>9,5</u>	<input type="checkbox"/> Brottvísun		Alls:	<u>9</u>

Flokkur: A51 Dagsetning: 21/1/17 Mótshaldari: HF1
 Hringdómari: Daníel Davíðsson Félag: HF3
 Stigadómari: Elín Eiríksdóttir Félag: HF4

MYND 3. Á myndinni má sjá útfyllt eyðublað eftir venjulegan leiktíma, þar sem keppandi í bláu horni hefur fengið viðvörðun.

9.4 Stigaúrskurður þegar viðureign er stöðvuð

Í þessu dæmi fær keppandinn í bláu horninu miklar blóðnasir í 2. lotu með þeim afleiðingum að hringdómari stöðvar viðureignina og biður stigadómarana að gefa stig að og með 2. lotu. Stigadómari leggur saman diplómastigin fyrir fyrstu tvær loturnar og fyllir út á viðeigandi stað og fyllir einnig út heildartöluna eftir að allar viðvaranir hafa verið dregnar frá. Reiturinn fyrir lotu 3 er hafður auður (Mynd 4).



RAUTT HORN		BLÁTT HORN	
Nafn:	<u>Aðalheiður Arnarsdóttir</u>	Nafn:	<u>Björg Björnsdóttir</u>
Félag:	<u>HF1</u>	Félag:	<u>HF2</u>

Lota 1	Lota 2	Lota 3		Lota 1	Lota 2	Lota 3	
Högg	Fótaburður	Vörn	Samtala	Högg	Fótaburður	Vörn	Samtala
<u>3</u>	<u>3</u>		<u>6</u>	<u>3,5</u>	<u>3</u>		<u>6,5</u>
<input type="checkbox"/> Betri vörn		Viðvörn 1:		<input type="checkbox"/> Betri vörn		Viðvörn 1:	
<input type="checkbox"/> Uppgjöf		Viðvörn 2:		<input type="checkbox"/> Uppgjöf		Viðvörn 2:	
<input type="checkbox"/> Brottvísun		Alls:	<u>6</u>	<input type="checkbox"/> Brottvísun		Alls:	<u>6,5</u>

Flokkur: A51 Dagsetning: 21/1/17 Mótshaldari: HF1
 Hringdómari: Daníel Davíðsson Félag: HF3
 Stigadómari: Elín Eiríksdóttir Félag: HF4

MYND 4. Á myndinni má sjá útfyllt stigagjafareyðublað þar sem leikur hefur verið stöðvaður.

9.5 Betri vörn

Í þessu dæmi má leikurinn ekki enda með jafntefli. Leikurinn fer venjulega fram og lýkur með því að tíminn rennur út í þriðju lotu. Stigadómari hefur eftir hverja lotu gefið keppendum þau diplómastig sem þeir verðskulda í hverjum tækniflokki. Stigadómari leggur saman diplómastigin fyrir loturnar og fyllir út á viðeigandi stað og fyllir einnig út heildartöluna eftir að allar viðvaranir hafa verið dregnar frá. Báðir keppendurnir hafa eftir samlagninu jafn mörg stig og þá setur stigadómari X í reitinn við „Betri vörn” hjá þeim keppanda sem sýndi betri varnartækni í viðureigninni. Loks dregur stigadómari hring utan um nafn sigurvegarans (Mynd 5).



HNEFALEIKASAMBAND ÍSLANDS
Stigagjafareyðublað

1

RAUTT HORN				BLÁTT HORN			
Nafn: <u>Aðalheiður Arnarsdóttir</u>				Nafn: <u>Björg Björnsdóttir</u>			
Félag: <u>HF1</u>				Félag: <u>HF2</u>			

Lota 1	Lota 2	Lota 3		Lota 1	Lota 2	Lota 3	
Högg	Fótaburður	Vörn	Samtala	Högg	Fótaburður	Vörn	Samtala
<u>3</u>	<u>3</u>	<u>3,5</u>	<u>9,5</u>	<u>3,5</u>	<u>3</u>	<u>3</u>	<u>9,5</u>
<input type="checkbox"/> Betri vörn		Viðvörn 1:		<input checked="" type="checkbox"/> Betri vörn		Viðvörn 1:	
<input type="checkbox"/> Uppgjöf		Viðvörn 2:		<input type="checkbox"/> Uppgjöf		Viðvörn 2:	
<input type="checkbox"/> Brottvísun		Alls:	<u>9,5</u>	<input type="checkbox"/> Brottvísun		Alls:	<u>9,5</u>

Flokkur: A51 Dagsetning: 21/1/17 Mótshaldari: HF1
 Hringdómari: Daníel Davíðsson Félag: HF3
 Stigadómari: Elín Eiríksdóttir Félag: HF4

MYND 5. Á myndinni má sjá útfyllt stigagjafareyðublað þar sem jafn leikur mátti ekki ljúka með jafntefli.

9.6 Uppgjöf

Í þessu dæmi ákveður hornamaður keppandans úr bláu horni að gefa viðureignina því hann er ekki að standa sig nægilega vel. Hringdómari stöðvar viðureignina og biður stigadómarana að gefa rauðu horni stig að og með 2. lotu en gefa bláu horni engin stig.

Stigadómari leggur saman diplómastigin fyrir fyrstu tvær loturnar hjá rauðu horni og fyllir út á viðeigandi stað og fyllir einnig út heildartöluna eftir að allar viðvaranir hafa verið dregnar frá. Reiturinn fyrir lotu 3 er hafður auður.

Stigadómari dregur strik yfir stigin sem blátt horn fékk fyrir lotu eitt. Reitirnir fyrir lotu 1 og 2 eru hafðir auðir. Í reitnum fyrir heildarstig er skrifað núll. Dómari merkir einnig X í viðeigandi reit hjá bláu horni (Mynd 6).



RAUTT HORN		BLÁTT HORN	
Nafn:	<u>Aðalheiður Arnarsdóttir</u>	Nafn:	<u>Björg Björnsdóttir</u>
Félag:	<u>HF1</u>	Félag:	<u>HF2</u>

Lota 1	Lota 2	Lota 3		Lota 1	Lota 2	Lota 3	
Högg	Fótaburður	Vörn	Samtala	Högg	Fótaburður	Vörn	Samtala
<u>3</u>	<u>3</u>		<u>6</u>	<u>1,6</u>			<u>0</u>
<input type="checkbox"/> Betri vörn		Viðvörn 1:		<input type="checkbox"/> Betri vörn		Viðvörn 1:	
<input type="checkbox"/> Uppgjöf		Viðvörn 2:		<input checked="" type="checkbox"/> Uppgjöf		Viðvörn 2:	
<input type="checkbox"/> Brottvísun		Alls:	<u>6</u>	<input type="checkbox"/> Brottvísun		Alls:	<u>0</u>

Flokkur: AS1 Dagsetning: 21/1/17 Mótshaldari: HF1
 Hringdómari: Daníel Davíðsson Félag: HF3
 Stigadómari: Elín Eiríksdóttir Félag: HF4

MYND 6. Á myndinni má sjá útfyllt stigagjafareyðublað eftir leik þar sem keppandi í bláu horni hefur gefist upp.

9.7 Brottvísun

Í þessu dæmi slær keppandi úr bláu horni ítrekað með opnum lófa í 1. lotu og fær endurtekið tilsögn frá dómara. Þetta heldur áfram og keppandinn fær viðvörn. Stigadómari setur 1 í reitinn fyrir viðvörn hjá bláu horni. Í 2. lotu byrjar blár keppandi betur en fer svo í miðri lotu að slá fast með opnum lófa. Blái keppandinn fær aðra viðvörn. Stigadómari setur 1 í reitinn fyrir viðvörn 2 hjá bláu horni. Í 3. lotu gerist þetta svo aftur og hringdómari stöðvar leikinn og dæmir blátt horn úr leik.

Stigadómari hefur gefið báðum keppendum stig fyrir 1. og 2. lotu og gefur nú rauðu horni stig fyrir lotu 3 ásamt því að fylla út heildarstig.

Þvínæst dregur stigadómari strik yfir stigin fyrir 1. og 2. lotu hjá bláu horni og skrifar núll í heildarstig. Stigadómari setur svo að lokum X í reitinn fyrir „Brottvísun” hjá bláu horni (Mynd 7).

Það getur gerst að hringdómari gefi ekki tvær viðvaranir áður en hann dæmir bláa keppandann úr leik. Keppandi sem virðist staðráðinn í því að brjóta reglur má dæma úr leik án viðvörunar.



HNEFALEIKASAMBAND ÍSLANDS
Stigagjafareyðublað

1

RAUTT HORN				BLÁTT HORN			
Nafn: <u>Aðalheiður Arnarsdóttir</u>				Nafn: <u>Björg Björnsdóttir</u>			
Félag: <u>HF1</u>				Félag: <u>HF2</u>			

Lota 1	Lota 2	Lota 3		Lota 1	Lota 2	Lota 3	
Högg	Fótaburður	Vörn	Samtala	Högg	Fótaburður	Vörn	Samtala
<u>2,5</u>	<u>2,5</u>	<u>2,5</u>	<u>7,5</u>	<u>2,5</u>	<u>3,5</u>		<u>0</u>
<input type="checkbox"/> Betri vörn		Viðvörn 1:		<input type="checkbox"/> Betri vörn		Viðvörn 1:	<u>1</u>
<input type="checkbox"/> Uppgjöf		Viðvörn 2:		<input type="checkbox"/> Uppgjöf		Viðvörn 2:	<u>1</u>
<input type="checkbox"/> Brottvísun		Alls:	<u>7,5</u>	<input checked="" type="checkbox"/> Brottvísun		Alls:	<u>0</u>

Flokkur: A51 Dagsetning: 21/1/17 Mótshaldari: HF1
 Hringdómari: Daníel Davíðsson Félag: HF3
 Stigadómarir: Elín Eiríksdóttir Félag: HF4

MYND 7. Á myndinni má sjá útfyllt stigagjafareyðublað eftir leik þar sem keppandi í bláu horni hefur verið dæmdur úr leik í þriðju lotu eftir þrjár viðvaranir.